

trúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Þorsteinn Eyjólfsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Engilbert Kolbeinsson og Kolbeinn Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ingimundar Jónssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 4/1969.

**Almennar tryggingar h/f  
og Stefán Tryggvason**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

**Rannveigu G. Kristjánsdóttur og gagnsök**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1969. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. janúar 1969. Gerir hún þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða henni óskipt kr. 270.946.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi eru aðiljar sam mála um, að slys það, sem málið fjallar um, hafi orðið vegna ógætni ökumanns bifreiðarinnar, aðaláfrýjanda

Stefáns Tryggvasonar. Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 mátti gagnáfrýjandi sækja kröfu sína beint á hendur aðaláfrýjanda Almennum tryggingum h/f. Það haggar ekki bótarétti gagnáfrýjanda á hendur félaginu, að ökumaður og eigandi bifreiðarinnar var eiginmaður hennar. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um fébótaabyrgð aðaláfrýjenda á tjóni gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Bætur fyrir orkutjón . . . . .	kr. 164.946.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti . . . . .	— 100.000.00
3. Greiddur kostnaður . . . . .	— 6.000.00
	<hr/>
	Kr. 270.946.00

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um 1. kröfulið. Bótá-fjárhæð 2. kröfuliðs þykir hæfilega ákveðin kr. 90.000.00. Fjárhæð 3. kröfuliðs er viðurkennd. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 176.000.00 (90.000.00 + 80.000.00 + 6.000.00), sem aðaláfrýjendum ber óskipt að greiða gagnáfrýjanda ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 50.000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Almennar tryggingar h/f og Stefán Tryggvason, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Rannveigu G. Kristjánsdóttur, kr. 176.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1968.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Rannveig Kristjánsdóttir, Rauðalæk 19, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1966, gegn Stefáni Tryggvasyni lögregluþjóni, Rauðalæk 19, Reykjavík, og Almennum tryggingum h/f, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 261.608.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu hinna stefndu er krafizt sýknu *aðallega* auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er af hálfu hinna stefndu krafizt verulegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi greinir frá málavöxtum á þá leið, að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni R 11668 hinn 21. ágúst 1963 á leið austan úr Þingeyjarsýslu til Akureyrar. Stefnandi kveðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar, en ökumaður hafi verið eigandi bifreiðarinnar, Stefán Tryggvason, eiginmaður hennar. Á þjóðvegnum austan Djúpár, á beygjum við brúna, kveður stefnandi Stefán hafa misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að bifreiðin hafi rekizt á brúarstöpulinn hægra megin, síðan snúizt til vinstri og hafi þá vinstra afturhorn hennar lent á brúarstólpanum hinum megin og um leið hafi hægri hurð bifreiðarinnar opnast og stefnandi hrokkið út úr bifreiðinni. Stefnandi kveðst hafa brotnað á báðum kjálkum við áreksturinn og aldrei verða jafngóð af brotinu.

Stefnandi kveður orsaker slyssins vera þær, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, og kveðst hún því telja hann og tryggjanda bifreiðarinnar bótaskylda á tjóni sínu samkvæmt 69. gr., 3. mgr., laga nr. 26/1958, sbr. og 74. gr., 2. mgr., sömu laga.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

- |   |                |
|---|----------------|
| 1. Bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar<br>örorku . . . . . | kr. 157.108.00 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar og lýti . . . . .                      | — 100.000.00   |
| 3. Útlagður kostnaður . . . . .                                 | — 4.500.00     |

---

Samtals kr. 261.608.00

Stefnandi, Rannveig Guðmundína Kristjánsdóttir, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og skýrt þar frá á þá leið, að í umrætt

sinn hafi bifreiðin verið á um 60 km hraða, þegar hún nálgast brúna. Kveður hún vöndar beygjur hafa verið báðum megin við brúna. Hafi stefndi Stefán misst stjórn á bifreiðinni, um leið og bifreiðin rann í lausri möl, sem hafi verið á akbrautinni. Hún kveðst ekki hafa veitt því athygli, að ástand benzínjafarinnar hafi verið óvenjulegt. Hún kveðst ekki hafa fundið neitt sérstakt að við akstur Stefáns í umrætt sinn. Segir stefnandi að gefnu tilefni, að ekki hafi verið haft áfengi um hönd í bifreiðinni. Stefnandi segir, að þau hjón hafi ekki gert með sér kaupmála. Hún tekur fram, að hún sé engan veginn orðin góð af áverkum þeim, sem hún hlaut. Hún geti t. d. ekki enn opnað munninn með eðlilegum hætti eins og áður. Þá telur hún, að við ákeyrsluna hafi hún hlotið snert af taugaáfalli og sé engan veginn orðin góð af því. Hún segir, að stundum, þegar henni sé kalt og eins þegar hún tyggi, þá fái hún verki í kjálkann hægra megin.

Stefndi Stefán Tryggvason hefur skýrt svo frá í skýrslu sinni, sem gefin hefur verið hjá lögreglunni á Akureyri og er á dskj. nr. 3 í máli þessu, að um kl. 2130 að kvöldi 2. ágúst 1963 hafi hann ekið bifreið sinni, R 11668, vestur þjóðveginn austan Djúpár í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu á leið til Akureyrar. Í bifreiðinni með sér hafi verið kona sín, Rannveig Kristjánsdóttir, og Ásgeir Sigurðsson, 20 ára, til heimilis að Tangagötu 26, Ísafirði, og hafi hann setið í aftursæti. Er stefnandi nálgast Djúpárbrúna, kveðst hann hafa ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Á hæðinni skammt austan við brúna kveðst hann hafa ætlað að draga úr hraðanum, en þá hafi benzínjöfin staðið á sér og bifreiðin haldið ferð sinni. Kveðst stefndi þá hafa hemlað og kúplað sundur, en bifreiðin hafi skrikað til í lausamölinni og rekizt á brúarstólpanum hægra megin, snúizt síðan til vinstri og hafi þá vinstra afturhorn bifreiðarinnar lent á brúarstólpanum hinum megin og um leið hafi hægri hurðin opnast og kona stefnda hrokkið út úr bifreiðinni, en bifreiðin hafi stöðvazt næstum því öflug á brúnni. Stefnandi kveðst þegar hafa komizt út vinstra megin og hlaupið til aðstoðar konu sinni, sem legið hafi á veginum austan við brúarendann, en hún hafi verið með fulla meðvitund, en með áverka á höku og getað sig lítið hreyft. Stefnandi kveðst hafa hlotið meiðsli á hægri hönd og skurð á augabrún. Ásgeir hafi hlotið blátt auga. Stefnandi segir, að rétt á eftir hafi komið þarna að nokkrar bifreiðar, og var þá farið að Fösshóli til að hringja eftir sjúkrabifreið frá Akureyri. Þá hafi komið þarna að lækni í bifreið sinni, sem hafi athugað ástand konu

stefnda. Á meðan beðið var sjúkrabifreiðarinnar, kveður stefndi bifreið sína hafa verið dregna vestur yfir brúna, svo að umferð stöðvaðist ekki lengur. Síðan kveður stefndi konu sína hafa verið flutta í sjúkrahúsið á Akureyri, en hún hafi kjálkabrotnað báðum megin og sé enn fremur mikið marin. Þá kveðst stefndi hafa hlotið beinbrot á hægri hendi auk áverka á andlit, sem áður greinir. Stefndi kveður bifreið sína vera mikið skemmda og hafi hún verið flutt til Akureyrar skömmu síðar. Stefndi kveðst vilja taka fram, að einu sinni áður hafi það komið fyrir, að benzínjölf bifreiðarinnar hafi staðið á sér, en þá hafi hann látið lagfæra hana. Að öðru leyti kveður stefndi bifreið sína hafa verið í ágætu lagi fyrir slysið.

Stefndi Stefán hefur og komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar skýrslu þá, sem að framan greinir, og kveður hann hana vera rétta, en getur þess, að hraðinn kunni að hafa verið aðeins meiri en þar greinir. Hann segir, að skömmu áður en hann kom að brúnni, hafi hann séð aðvörunarmerkið A 2, sem merki hættulegar beygjur, en þar hafi ekki verið neitt merki um það, að brú væri framundan. Kveðst stefndi því ekki hafa haft eins mikinn vara á sér. Stefndi kveðst hafa frétt, að sjö slys hefðu orðið við Djúpárbrúna, eftir að hann ók á brúarstólpann. Kveðst hann hafa verið ókunnugur á þessum slóðum og ekki farið þessa leið austur, heldur farið út Köldukinnarveg. Stefndi tekur fram, að nú sé búið að merkja þessa hættulegu beygju við brúna rækilega. Þá tekur hann og fram að gefnu tilefni, að hann hafi haft fulla athygli við aksturinn, en þar sem merkið hafi aðeins þýtt beygju, þá hafi hann ekki dregið úr hraðanum fyrr en of seint, vegna þess að hann hafi verið á alveg nýrri bifreið af gerðinni Volkswagen 1500, sem hann kveðst hafa reynt mjög hæfa til þess að aka nokkuð hratt í beygjum, en bifreiðin hafi legið mjög vel í akstri. Stefndi kveður þau hjónin ekki hafa gert með sér kaupmála.

Vitnið Ásgeir Sigurðsson, sem var farþegi í bifreið stefnda í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá í skýrslu þeirri, sem hann hefur gefið lögreglunni á Akureyri og skráð er á dskj. nr. 3, að hann hafi setið í aftursætinu, en þau hjónin Stefán og Rannveig frammi í, en Stefán hafi ekið bifreiðinni. Er þau hafi verið komin á hæð skammt austan Djúpár, kveður vitnið sér hafa orðið litið á hraðamæli bifreiðarinnar, án þess þó að það teldi hraðann varhugaverðan, og kveðst vitnið hafa séð, að hann sýndi 60 km miðað við klukkustund, og á næsta augnabliki, er bifreiðin

hafi farið í beygjuna, hafi sér virzt ganghljóð vélarinnar ekkert breytast og á næsta augnabliki hafi bifreiðin rekizt í brúarstólp-ann hægra megin og um leið hafi hún kastazt til vinstri að aftan inn á brúna. Vitnið segir, að er það kom út úr bifreiðinni vinstra megin, hafi það séð, að Rannveig lá á götunni við brúarendann að austan, en Stefán hafi verið kominn á undan sér til hennar. Ekki kveðst vitnið hafa misst meðvitund við áreksturinn, en þó hafa verið dálítið vankað fyrst á eftir, en vitnið kveðst hafa fengið högg á hægra augað. Vitnið segir, að þegar hafi komið þarna að allmargir vegfarendur í bifreiðum og eftir að hlúð hafði verið að Rannveigu, hafi einhverjir þeirra farið að Fosshóli til að hringja á sjúkrabifreið frá Akureyri. Á meðan beðið hafi verið eftir sjúkrabifreiðinni, kveður vitnið viðstadda hafa hjálpa-azt við að draga bifreiðina af brúnni og spölkorn vestur fyrir hana. Vitnið kveður talsverða lausamöl hafa verið í beygjunni austan brúarinnar. Eftir áreksturinn hafi benzín runnið af bifreiðinni og niður á brúna, en vitnið kveðst hafa stöðvað gangvél hennar, um leið og það fór út úr bifreiðinni, og hafi hún þá ekki virzt ganga neitt óvenjulega hratt.

Ekki kveðst vitnið hafa vitað til þess, að neitt væri athuga-vert við bifreiðina, og að minnsta kosti hafi ekkert slíkt borizt í tal í ferðinni. Vitnið kveður sér hafa fundizt stefndi Stefán aka vel og gætilega alla leiðina. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir neinu aðvörunarmerki austan við slysstaðinn, enda hafi það ekkert sérstaklega litið eftir því. Vitnið kveður sig minna, að hægri hliðstólpi brúarinnar væri brotinn eftir áreksturinn. Ekki kveðst vitnið hafa litið eftir neinum hemlaförum á staðnum. Vitnið segir, að er það sá Rannveigu liggja á götunni, hafi það þegar vitað, að hún mundi hafa kastazt út, er hægri hurðin opnaðist við áreksturinn.

Gísli Ólafsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, skýrir svo frá í skýrslu á dskj. nr. 3, að hann hafi farið á slysstaðinn ásamt Ingólfi Þorsteinssyni, aðstoðarmanni bifreiðaeftirlitsins á Akureyri. Kveður Gísli þá hafa komið á staðinn um kl. 2300. Hafi þá verið búið að draga R 11668 vestur yfir brúna. Hann kveður þá hafa mætt sjúkrabifreiðinni á Vaðlaheiði með ökumann og farþega. Nyrðri brúarstöpullinn að austan hafi verið brotinn og sýnilegt, að a. m. k. nokkur hluti hans hafi verið nýbrotinn og hafi hann hangið út af brúnni. Þá kveður Gísli þess hafa sézt merki, að bifreiðin hafi rekizt í handriðið að sunnan. Ekki kveður hann þá hafa getað greint hemlaför á staðnum, enda

nokkur lausamöl og mikið traðk. Gísli kveður veginn vera beinan á 16 metra löngum kafla austur frá brúnni, fara síhækkandi og beygja um leið til hægri (suður) og á melhæð um 50 metra austan brúarinnar sé beygjan mest og vegurinn laus á yfirborðinu. Yfirlögregluþjónninn kveðst hafa fengið Svavar Jóhannsson bifreiðaeftirlitsmann og Þorstein Jónsson bifvélavirkja til að athuga bifreiðina með tilliti til bilunar á benzíngjöf hennar, en hún sé stórskemmd eftir áreksturinn.

Hefur þá verið rakið það helzta, sem aðiljar og vitni hafa um málið að segja.

Eins og áður er fram komið, styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að stefndi Stefán hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, og beri því ábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 69. gr., 3. mgr., laga nr. 26/1958 og beri stefnda Almennum tryggingum h/f, er var tryggjandi bifreiðarinnar, að bæta sér tjónið samkvæmt 70. gr. greindra laga og sé því stefnt í máli þessu samkvæmt heimild í 7. gr., 2. mgr., sömu laga.

Af hálfu hinna stefndu er gerð svofelld grein fyrir kröfugerð þeirra, að eigi komi annað fram í málinu en að hjónin hafi sameiginlegan fjárhag, þannig að undir venjulegum kringumstæðum kæmi skaðabótageiðsla af hendi eiginmanns til eiginkonu ekki til greina, en þar sem hjónin hafi keypt tryggingu, hafi stefnandi höfðað mál þetta í trausti þess, að tryggingafélagið verði greiðsluskylt.

Umrætt tryggingafélag hafi hins vegar neitað greiðsluskyldu í málinu og sé það gert í samræmi við önnur tryggingafélög til að fá endanlega úr því skorið, hvort maki, sem slasast í árekstri vegna aðgæzluleysis eiginmanns eða eiginkonu við akstur, eigi lögvarða bótakröfu. Ábyrgðartryggingin sé í eðli sínu þriðja manns trygging til verndar hagsmunum beggja hjónanna sameiginlega og sé því óeðlilegt, að sú vernd, sem henni er ætlað að veita, geti rýrnað við greiðslur til tryggingartaka sjálfra. Tryggingafélögin hafi almennt neitað slíkum bótageiðslum. Á sama hátt og með sömu rökum hafi tryggingafélögin neitað greiðslum til tryggingartaka, sem eigi margar bifreiðar, en verði fyrir því, að ein af bifreiðum hans skemmi aðra. Slíkar greiðslur frá tryggingafélagunum mundu auk þess skapa verulega hættu á tryggingasvikum.

Fram hefur verið lagt í málinu sem dskj. nr. 20 símskeyti með staðfestri undirskrift þeirra Þorsteins Jónssonar og Svavars Jóhannssonar bifreiðaeftirlitsmanns, þar sem m. a. segir, að við

skoðun á R 11668 eftir ákeyrslu hafi eigi verið að finna galla á eldsneytisgjöf né heldur hemlum við ástígg á þá, sbr. skýrslu Gísla Ólafssonar yfirlögregluþjóns á dskj. nr. 3.

Eins og fram kemur í framburði aðilja og vitna, sem raktir hafa verið hér að framan, þá er upplýst, að stefndi Stefán ók á 60—70 km hraða, um það bil er slysið varð, á vegi, sem hann var ókunnugur. Hann kveðst hafa séð aðvörunarmerkið A 2, sem merki hættulegar beygjur, skömmu áður en hann kom að brúnni, en ekki neitt merki um það, að brú væri framundan. Því hafi hann ekki dregið úr hraðanum fyrr en of seint. En bifreið þá, sem hann ók, Volkswagen 1500, sem hafi verið alveg ný, hafi hann reynt mjög hæfa til þess að aka nokkuð hratt í beygjum, enda hafi hún legið mjög vel í akstri.

Samkvæmt þessu þykir í ljós leitt, að stefndi Stefán hafi ekið of hratt og ekki gætt nægilegrar varkárni í akstrinum í umrætt sinn miðað við aðstæður, og þeim mun frekar sem hann ók um ókunnar slóðir, enda liggur ekki fyrir í málinu, að um bilun í bifreiðinni hafi verið að ræða, sem orsakir slyssins verði raktar til. Þer því stefndi Stefán fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, sem hún varð fyrir vegna umrædds slyss, ásamt vátryggjanda bifreiðarinnar, Almennum tryggingum h/f, sem einnig hefur verið stefnt í máli þessu til greiðslu bóta samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, enda verður að telja, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi manns síns eftir almennum reglum skaðabótaréttarins og án þess að til skerðingar komi.

Páll Sigurðsson hefur metið örorku stefnanda vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatíð verið lagt fram sem dskj. nr. 4 í málinu, en í örorkuvottorði Páls læknis eru innifalin vottorð Jóns Sigtryggssonar, prófessors við tannlæknadeild Háskólans, og Arnar Bjartmars tannlæknis, þar sem lýst er meiðslum stefnanda og læknismeðferð. Er örorkumat Páls Sigurðssonar svoljóðandi:

#### „ÖRORKUMAT

fyrir Rannveigu Kristjánsdóttur, húsm., f. 24/11 1929, til heimilis að Rauðalæk 19, Reykjavík.

Bílslys 21/8 1963.

Slysið mun hafa orðið með þeim hætti, að slasaða var á ferð í bíl með eiginmanni sínum, er hann ók á brúarstöpul með þeim afleiðingum, að hún hlaut högg á höfuð og andlit.

Slasaða mun fyrst hafa verið flutt í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, en síðan í Landspítalann í Reykjavík. Það liggur ekki fyrir læknisvottorð frá læknum á Akureyri, hins vegar liggja fyrir vottorð frá Jóni Sigtryggssyni, prófessor við tannlæknadeild, og Erni Bjartmars Péturssyni. Frá Jóni liggja fyrir 2 vottorð, hið fyrra er dagsett 3/12 1963, og segir þar, að konan hafi slasast 21/8, en að hann hafi séð sjúkling 23/8 1963. Um slysið segir annars orðrétt:

„Sjúklingur lenti í bílslysi 21/8 kl. 21.30, er bíll, sem sjúklingur var í, bilaði, og sjúklingur kastaðist út úr bílnum við ákeyrslu á brúarstólpa. Sjúklingur síðan fluttur í sjúkrabíl til Akureyrar og teknar röntgenmyndir af kjálka, er sýndu slæmt brot, og treystust sjúkrahúslæknar ekki til að gera við það og sjúklingur því sendur á Landspítalann. Við komuna er mikil bólga á hægri, neðri kjálka. Tennur standast ekki á, dregnar til hægri í neðri kjálka, 1—2 cm. Eymsli eru í öllum neðri kjálka og harður hnútur ofan og aftan til hægra megin á neðri kjálka. Sjúklingur getur ekki opnað munninn nema ½—1 cm. Við röntgenmyndun sést, að brotið er á einum versta stað með tilliti til þess að fá góða stöðu brotflatanna. Bein samfesting brotsins kemur ekki til greina, og er reynt að fá sæmilega stöðu með því að binda gervitennur með vír við bein efri og neðri kjálka og draga síðan kjálkana saman í bitstöður og halda munninum saman bundnum í occlusions-stöðu um tveggja mánaða bil. Aðgerðin tók um 2 stundir, og var sjúklingur sendur heim eftir viku með samanreimaðan munn. Nokkrir verkir, eymsli og bólga var að segja allan tímann, er sjúklingur var með umbúðirnar. Staða brotsins var aldrei góð, en þolanleg talin. Tveim mánuðum eftir aðgerð var sjúklingur svæfður og vírarnir teknir. Sjúklingur fékk háan hita og ígerð, sem kom út undir hægra kjálka-varði eftir þá aðgerð. Sjúklingur er nú (3/12 1963) með nokkra andlitsskekkju, sem sennilega lagast ekki hér eftir. Brotið virðist vel fast, hreyfingum neðri kjálka nokkuð ábótavant og breytist sennilega ekki, og tygging mun því ekki ná fyrri getu. Lítið inndregið ör sést undir hægra kjálka“.

Vottorðið er, eins og fyrr segir, dags. 3/12 1963.

Vottorð Arnar Bjartmars er dagsett 20/12 1963 og er svoljóðandi:

„Frú Rannveig Kristjánsdóttir, Rauðalæk 19, Reykjavík, hefur leitað til Tannlæknadeildar Háskóla Íslands til þess að fá gervitennur gerðar fyrir sig.“

Það hefur hins vegar valdið miklum erfiðleikum að gera þessar gervitennur, svo að sæmilega fari, bæði hvað útlit snertir vegna skekkju þeirrar, sem á andlitinu er eftir kjálkabrotið, og eins hvað notagildi snertir, eða tyggingu, vegna falsks liðs (pseudarthrosis) hægra megin.

Raunar er ekki útséð um það enn, hvort nokkurn tíma takist að ná forsvaranlegum árangri hvað viðvíkur tyggingu við núverandi kringumstæður, þ. e. á meðan falskur liður er til staðar. Við óbreyttar aðstæður má búast við sömu erfiðleikum í hvert sinn, er gervitennur verða gerðar fyrir sjúklinginn, en venjulega þarf að endurnýja gervitennur á 5—10 ára fresti“.

Lokavottorð liggur fyrir frá Jóni Sigtryggssyni, dags. 25/2 1966, og er það vottorð svohljóðandi:

„Rannveig Kristjánsdóttir, Rauðalæk 19, Reykjavík, lenti í bílslysi 21.8. '63.

Röntgenskoðun 23-8 telur liðhaus h. kjálkaliðs brotinn og sennilegt að liðhaus hafi hrokkið úr liðskál fram á við og inn undir kúpubotn.

Um meðferð segir, að sjl. sé með gervitennur í efri góm, fimm framtennur í neðri góm.

Gerð var plast skinna í neðri góm á jaxla svæði, sem fest er með vírbindingu undir neðri kjálka, beggja vegna. Efrigóms gervitennur síðan festar með 4 beinsaumum í gegnum tanngarð efri góms. Reynt er að lagfæra brotið eftir föngum og efri og neðri gómur síðan festir saman í samanbitsstöðu. Mjög erfiðlega gekk að fást við brotið, því liðurinn mun hafa verið stórlega laskaður.

Var í fyrstu ætlunin að hafa kjálkana víraða saman í ca. 3 vikur, sem venja er til, en reyndist nauðsyn að hafa festingar um 2½ mánuð.

Þrálátar bólgur og ígerðir endurtóku sig sí og æ, meðan bundnir voru saman kjálkarnir, og nokkurn tíma fyrst eftir að vírar voru teknir.

Tennur í neðri góm voru extraheraðar nokkru síðar og sjl. fékk gervitennur í báða góma. Reyndist mjög erfitt að smíða gervitennur í sjl. vegna óreglulegra kjálkaliðshreyfinga, og virðist sem Rannveig hafi aldrei hlotið fullt gagn gervitannanna.

Við athugun á nefndum atriðum nú koma í ljós ýmis frávik frá því, sem eðlilegt mætti teljast.

Greinilegur munur er á hægri og vinstri helming andlitsins í

hvíldarstöðu, og verður sá munur meira áberandi, er hún hreyfir neðri kjálka við tal eða tyggingu.

Tyggingarkraftur virðist lítill, mun vera allverulega minnk- aður, sennilega vegna þess að vöðvar við lið þann, er brotið var, starfa við breyttar aðstæður.

Sjl. getur opnað munninn, sem myndi svara til 2/3 þess, sem eðlilegt mætti teljast.

Hliðarhreyfingar neðri kjálka, sem mikið er beitt við venju- lega tyggingu, eru ekki meir en ca. ½ cm til hvorrar hliðar, sem er ¼—⅓ þess, sem venjulegt er.

Af þessu virðist mér, að Rannveig hafi hlotið varanleg andlits- lýti og verulega rýrða tyggingarhæfni“.

Konan kom til viðtals hjá undirrituðum 18/10 1966. Hún skýrir frá slysinu, eins og fram kemur hér að framan, og meðferðinni, eins og lýst er í læknisvottorðum tannlæknanna. Hún kveðst hafa verið frá heimilissörfum um það bil 3 mánuði og síðan lengi undir læknishendi, sennilega meira en hálf t. Aðalkvartanir nú eru stíðleiki í kjálkaliðum, kveðst ekki geta gapað fyllilega, og þetta háir nokkuð við át. Auk þess kveðst hún vera skökk í andliti og stöðugt bólguþroti hægra megin á kjálka og niður á hálsinn.

Um skoðun vísast til vottorða tannlæknanna.

*Ályktun:* Hér er um að ræða 36 ára gamla konu, sem slasaðist í bílslysi fyrir rúmlega þrem árum og hlaut slæmt kjálkabrot.

Vegna slyssins hefur konan hlotið varanlega sköddun á kjálka- lið, skekkju í andliti og skakkt bit og getur auk þess ekki opnað munninn eðlilega.

Vegna slyssins verður að telja, að konan hafi hlotið tíma- bundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í 2 mánuði . . . . .	100%	örorka
- 1 mánuð . . . . .	75%	—
- 3 mánuði . . . . .	50%	—
- 3 mánuði . . . . .	25%	—
Og síðan varanleg örorka	10%	“.

Skulu nú einstakir liðir stefnukröfunnar athugaðir, en áður hefur verið gerð grein fyrir sundurliðun þeirra.

*Um I. lið.* Í varakröfu hefur þessum lið verið mótmælt af hálfu stefnda sem allt of háum.

Stefnandi var 33 ára, þegar hún varð fyrir umræddu slysi. Hún er húsmóðir og hefur séð um heimili sitt og manns síns. Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingarmál til að reikna út tjón það, sem hún hefur beðið vegna slyssins, og leggur hún útreikninga tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningar tryggingafræðingsins eru meðal annars grundvallaðir á framanskráðu örorkumati. Tryggingafræðingurinn hefur fyrst reiknað út tjónið í nóvember 1966 og síðan aftur í júní 1968 vegna hækkana á kaup-töxtum kvenna á tímabilinu. eru útreikningar tryggingafræðingsins svohljóðandi:

„Örorkutjón Rannveigar Kristjánsdóttur, Rauðalæk 19, Reykjavík, vegna slyss 21. ágúst 1963.

Rannveig Kristjánsdóttir lenti í bílslysi 21. ágúst 1963. Hlaut hún högg á höfuð og andlit og kjálkabrotnaði. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 20. okt. 1966, metið orkumissi Rannveigar vegna þessa slyss þannig:

Í 2 mánuði . . . . .	100%	örorka
- 1 mánuð . . . . .	75%	—
- 3 mánuði . . . . .	50%	—
- 3 mánuði . . . . .	25%	—
Og síðan varanleg örorka	10%.	

Rannveig er sögð fædd 24. nóvember 1929 og hefur því verið 33ja ára á slysdagi. Rannveig er húsmóðir og hefur séð um heimili sitt og manns síns. Á heimili þeirra eru auk þeirra tvö börn.

Samkvæmt upplýsingum yðar hefur Rannveig ekki haft tekjur af vinnu utan heimilis fyrir slysið.

Ég hef hér áætlað vinnutekjur þannig: Gert er ráð fyrir ráðskonulaunum á meðalheimili, sem nú munu ekki fjarri kr. 5.500.00 auk fæðis og húsnæðis, eins og það er metið til tekna við álagningu opinberra gjalda. Þeirri upphæð, sem þannig fæst, er breytt samkvæmt breytingum á kvennataxta Iðju aftur að slysdagi.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundradshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið .. ..	kr. 66.851.00	kr. 29.526.00
2. — — — .. ..	— 73.690.00	— 7.369.00
3. — — — .. ..	— 79.562.00	— 7.956.00
Síðan árlega .. .. .	— 88.009.00	— 8.801.00

Verðmæti þannig áætlaðra vinnutekna reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku .. ..	kr. 29.895.00
Vegna varanlegrar örorku .. .. .	— 101.029.00

---

Samtals kr. 130.924.00

Ég vil benda á, að vinnutekjuáætlun fyrir húsmæður er almennt lág. Veldur því ekki sízt húsnæðis- og fæðisliðirnir, sem eru nú kr. 1.980.00 og kr. 15.695.00 á ári. Húsnæðisliðurinn á að minnsta kosti ekkert skylt við raunveruleikann. Væri í þessu máli gert ráð fyrir dagvinnutaxta Iðju fyrir konur, yrðu vinnutekjur og þar af leiðandi verðmæti vinnutekjutaps 20% hærra.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkv. reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkv. sænskri reynslu“.

„Örorkutjón Rannveigar Kristjánsdóttur, Rauðalæk 19, Reykjavík, vegna slyss 21. ágúst 1963.

Frá því ég í útreikningi, dagsettum 13. nóvember 1966, reiknaði út örorkutjón Rannveigar Kristjánsdóttur hafa orðið töluverðar hækkningar á kauptöxtum kvenna. Ég mun hér reikna tjón hennar að nýju með tilliti til þessara breytinga.

Rannveig Kristjánsdóttir lenti í bílslysi 21. ágúst 1963. Hlaut hún högg á höfuð og andlit og kjálkabrotnaði. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 20. okt. 1966, metið orkumissi Rannveigar vegna þessa slyss þannig:

Í 2 mánuði .. . . .	100% örorka
- 1 mánuð .. . . .	75% —
- 3 mánuði .. . . .	50% —
- 3 mánuði .. . . .	25% —
Og síðan varanleg örorka	10%.

Rannveig er sögð fædd 24. nóvember 1929 og hefur því verið 33 ára á slysdegi.

Rannveig er húsmóðir og hefur séð um heimili sitt og manns síns. Á heimili þeirra eru auk þeirra tvö börn.

Samkvæmt upplýsingum yðar hefur Rannveig ekki haft tekjur af vinnu utan heimilis fyrir slysið.

Ég hef hér áætlað vinnutekjur þannig: Gert er ráð fyrir ráðs-konulaunum á meðalheimili, sem var þegar fyrri útreikningur minn var gerður, kr. 5.500.00, auk fæðis og húsnæðis, eins og það er metið til tekna við álagningu opinberra gjalda. Þeirri upphæð, sem þannig fæst, er breytt samkvæmt breytingum á kvennataxta Iðju aftur að slysdegi.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið .. ..	kr. 66.851.00	kr. 29.526.00
2. — — — .. ..	— 73.690.00	— 7.369.00
3. — — — .. ..	— 79.562.00	— 7.956.00
4. — — — .. ..	— 90.180.00	— 9.018.00
5. — — — .. ..	— 95.206.00	— 9.521.00
Síðan árlega .. ..	— 98.492.00	— 9.849.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku .. .. kr. 26.895.00

Vegna varanlegrar örorku .. .. — 110.399.00

---

Samtals kr. 137.294.00

(Bent skal á, að ritvilla er í fyrri útreikningi, að því er tíma-bundna örorku varðar, sem ég bið forláts á).

Ég vil benda á, að vinnutekjuáætlun fyrir húsmæður er almennt lág. Veldur því ekki sízt húsnæðis- og fæðisliðirnir, sem eru nú kr. 1.980.00 og kr. 18.250.00 á ári. Húsnæðisliðurinn á að minnsta kosti ekkert skylt við raunveruleikann.

Virðist ekki óeðlilegt að reikna húsmóður á meðalstóru heimili álíka tekjur og hún fengi samkvæmt einhverjum kvennataxta verkalýðsfélaga. Ef notaður væri taxti Iðju, fengist eftirfarandi áætlun fyrir vinnutekjur og vinnutekjutap:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið .. ..	kr. 80.315.00	kr. 35.473.00
2. — — — .. ..	— 88.532.00	— 8.853.00
3. — — — .. ..	— 95.587.00	— 9.559.00
4. — — — .. ..	— 108.343.00	— 10.834.00
5. — — — .. ..	— 114.381.00	— 11.438.00
Síðan árlega .. .. .	— 118.329.00	— 11.833.00

og verðmætið á slysdegi nemur vegna tímabund-

innar örorku .. .. .	kr. 32.312.00
Vegna varanlegrar örorku .. .. .	— 132.634.00

---

Samtals kr. 164.946.00

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p.a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Eins og fram kemur í framanskráðum útreikningum, hefur tryggingafræðingurinn reiknað tjón stefnanda með tvennum hætti, annars vegar miðar hann við ráðskonukaup, en hins vegar kvennataxta Iðju, og verður tjónið nokkru hærra, ef reiknað er samkvæmt Iðjutaxta, en stefnandi miðar kröfur sínar við hærri útreikninginn.

Þar sem hér er um að ræða gifta konu, sem ekki hefur unnið utan heimilis, þykir eigi unnt að leggja alfarið til grundvallar framangreinda útreikninga tryggingafræðingsins við ákvörðun bóta til handa stefnanda samkvæmt 1. lið. Hins vegar þykir stefnandi eiga rétt á nokkrum bótum vegna örorku þeirrar, sem hún hefur hlotið vegna umrædds slyss, enda þykir sýnt, að örorkan hafi haft í för með sér verulega aukin útgjöld og óþægindi fyrir heimili hennar.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, þykir eftir atvikum hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 90.000.00.

Um II. lið. Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefndu sem allt of háum.

Sjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin í vottorðum Jóns Sigtryggssonar prófessors og Arnar Bjartmars tannlæknis hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli,

þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 60.000.00.

*Um III. lið.* Þessum kröfulið hefur ekki verið mótmælt tölulega, enda liggja frammi fyrir honum reikningar, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda samtals kr. 154.500.00 (kr. 90.000.00 + 60.000.00 + 4.500.00), sem stefndu ber að greiða stefnanda in solidum ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndu, Stefán Tryggvason og Almennar tryggingar h/f, greiði in solidum stefnanda, Rannveigu Kristjánsdóttur, kr. 154.500.00 með 7% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 53/1969. **Margrét G. Hjaltested**  
 gegn  
**Magnúsi S. Hjaltested og**  
**Steingrími Gauti Kristjánssyni setufógeta.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Kærumál. Kröfu um, að dómari viki sæti, hrundið.

#### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 5. október 1968 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð fúgetadóms Kópavogs, sem kveðinn